

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 8. apríl 2026

Mál nr. S-2316/2025:

Ákærvaldið

(Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Alexander Guðjónssyni

(Snorri Sturluson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 11. febrúar, er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum, útgefinni 11. ágúst 2025, á hendur Alexander Guðjónssyni, kt. 000000-0000, óstaðsettum í hús í [...], „fyrir rán og brot á vopnalögum í versluninni [...], með því að hafa mánudaginn 17. apríl 2023, gengið inn í verslunina með hulið andlit, að afgreiðsluborðinu með hníf í hendi og sagt A, kt. 000000-0000, starfsmanni verslunarinnar, með ógnandi hætti að opna afgreiðslukassann sem hún gerði og forðaði sér frá en í kjölfar þess tók ákærði allt að kr. 30.000, í reiðufé og hljóp út úr versluninni.

Telst háttsemi þessi varða við 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 30. gr. og a.- lið 2. mgr. 30. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Af hálfu B, kt. 000000-0000, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar A, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði gert að greiða henni kr. 1.000.000 skaða- og miskabætur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. apríl 2023 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar en með dráttarvöxtum samkvæmt 1.mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags auk þóknunar lögmanns skv. mati dómsins eða síðar framlögðum málskostnaðarreikningi að teknu tilliti til virðisaukaskatts.“

Ákærði neitar sök og hafnar bótakröfu. A [...] gerir nú kröfu sína í eigin nafni.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu sem lögregluþjónn 2 skrifar undir barst tilkynning hinn 17. 4. 2023 um „vopnað rán þar sem aðili var vopnaður hníf í versluninni [...]“. Tilkynnandi hafi sagt geranda farinn af vettvangi. Lögregla hafi farið á vettvang. Þar hafi verið starfsmaðurinn A og verið í miklu uppnámi. Haft er eftir henni að „karlmaður hafi komið inn í verslunina klæddur í svartri úlpu, svartri lambhúshettu og í svörtum buxum.“ Hann hafi „komið að afgreiðsluborðinu og dregið upp hníf úr úlpuvasanum og sagt við hana ítrekað að „opna peningakassann“.“ Eftir þetta hafi maðurinn „opnað sjóðsvélina, tekið peningaseðla og sett þá í poka merktum Nettó. Eftir það hljóp aðilinn út úr versluninni og í átt að [...]“. Haft er eftir A að maðurinn hafi verið „hvítur karlmaður, rúmlega 185 sentimetrar á hæð, taldi hann vera íslenskan á aldrinum milli 17 og 25 ára“. Hún hafi ekki séð hann áður.

Í málinu eru upptökur úr öryggismyndavél [...]. Sést þar að inn kemur maður í svörtum skóm, svörtum buxum, svörtum Nike jakka og virðist vera hetta á jakkanum og hefur maðurinn þá hettu á höfðinu. Maðurinn er með svört gleraugu og svarta grímu yfir munn en enni og nef óhulið. Hörundslitur hvítur. Hann er í svartri úlpu og á henni er hetta með loðkraga, Maðurinn gengur að afgreiðsluborðinu og tekur hníf úr úlpuvasa og handleikur hann. Í framhaldinu tekur maðurinn poka úr úlpuvasa og þrýstir svo á takka á sjóðvélinni og opnast þá skúffa á vélinni. Afgreiðslustúlka kemur að og virðist ýta létt á skúffuna eins og til að loka henni en snýr svo við. Maðurinn tekur þá seðla úr vélinni og gengur eftir það hratt út. Frá því maðurinn gengur inn og þar til hann gengur út líða samkvæmt upptökunni 34 sekúndur.

Í lögregluskýrslu segir að lögregla hafi í framhaldi af rannsókn málsins farið í nálæga búð og fengið að skoða eftirlitsmyndavélar. Þar hafi lögregla tekið eftir að þrír menn hafi komið inn að morgni 18. 4. 2023 hafi lögregla þekkt þá sem C, Alexander Guðjónsson og D en C væri skráður til heimilis á [...] í [...]. C hafi einnig verið skráður eigandi nánar greindrar bifreiðar og hafi hún verið stöðvuð við akstur. C hafi verið handtekinn, grunaður um akstur undir áhrifum fíkniefna og hlutdeild í ráni. Með honum í bifreiðinni hafi verið D og hafi hann einnig verið handtekinn. C hafi heimilað leit á heimili sínu og hafi lögregla farið þangað. Þar hafi lögregla fundið Alexander Guðjónsson, ákærða í málinu, sofandi í svefnherbergi og hafi hann verið handtekinn. Í skúffu í eldhúsi hafi lögregla fundið hníf með svörtu skafti , í forstofu hafi lögregla fundið

steypustyrktarjárn með svörtu límbandi, svarta 66°N úlpu með loðkraga og svarta Nike strigaskó, í svefnherbergi ákærða hafi lögregla fundið Nike peysu og tvo smelluláspoka með hvítu efni, í herbergi C hafi lögregla meðal annars fundið litla vog, svört sólgleraugu, svartar buxur og smelluláspoka með meintum ofskynjunarsveppum og óþekktum töflum. Í rými sem D hafi haft afnot af hafi lögregla fundið öxi með svörtu handfangi, lögreglukylfu og þrjár óþekktar töflur. Á baðherbergi hafi lögregla fundið meinta stera, ambútur og smelluláspoka með brotinni óþekktri töflu.

E, [...], gaf lögreglu skýrslu 19. 3. 2025 og kemur fram í skýrslunni að henni hafi verið kynntur réttur sinn til að skorast undan skýrslugjöf. Í skýrslunni er haft eftir E að [ákærði] hafi „verið í mikilli neyslu en væri á betri stað hvað varðaði í dag. Hún sagði að hann hefði brotið mikið af sér í gegnum tíðina og hún kvaðst vilja að rétt væri rétt og því hefði hún sett sig í samband við lögreglu vegna þessa máls.“ Hún hefði séð frétt um málið „og grunaði þá strax að þetta væri [ákærði]. Hún kvaðst hafa vitað að á þessum tíma hefði [ákærði] verið að gista hjá vini sínum í [...]. E sagði síðan að um þremur vikum síðar hefði hún farið og heimsótt [ákærða] og þá hefði hann sagt henni frá því að hann hefði rænt búð í [...]. Hún sagði að þegar hann hefði talað um það þá hefði hann hlegið en að hláturinn hefði verið vandræðalegur. Hún sagðist halda að hann sæi eftir þessu en sagði samt sem áður að hann myndi ekki hætta að brjóta af sér.“

C gaf skýrslu hjá lögreglu 23. 4. 2023, sakaður um aðild að vopnuðu ráni. C lýsti sig saklausan. Í samantekt lögreglu segir að spurður hver ætti svarta Nike skó sem lögregla hafi fundið á heimili hans hafi hann svarað að „Alex“ ætti þá. Spurður hver ætti svartan Nike jakka með hettu, sem lögregla hafi fundið á heimilinu, hafi hann sagt að „Alex“ ætti hana. Spurður hver hafi verið í henni daginn áður hafi hann svarað að það væri „væntanlega Alex. D passar ekki í peysuna hans. Ég passa ekki heldur í fötin hjá Alex. Hann er [...]“, en C væri lágvaxinn með litla fætur. C hafi verið spurður hver ætti svarta 66°N úlpu með loðkraga og svarað að „Alex“ ætti hana. Enginn annar en hann geti notað hana. Spurður hver ætti svört sólgleraugu sem lögregla hefði fundið hafi C svarað að D ætti þau. C hafi verið spurður hver ætti hnífinn sem lögregla hefði fundið. C hafi svarað að hann ætti hnífinn, þetta væri „eldhúshnífurinn“ hans og væri hnífurinn „eldgamall“.

D gaf skýrslu hjá lögreglu 18. 4. 2023, sakaður um aðild að vopnuðu ráni. Í samantekt lögreglu segir að hann hafi verið spurður um atvik daginn áður og svarað: „Ég man lítið. Alexander fór út í 66°N úlpu, sólgleraugu og grímu. Ég man ekki hvort hann

var vopnaður. Hann fór einn út.“ Síðar í skýrslutökunni hafi D sagt að ákærði hafi verið með skíðagrímu. Spurður hvað ákærði hafi ætlað að gera hafi D svarað: „Hann ætlaði að ræna eitthvað. Ég veit ekki hvað. Hann endaði á að ræna [...].“ Spurður hvort ákærði hafi talað um það hafi D svarað: „Nei, við töluðum ekkert um það en hver fer svona út. Í góðu veðri.“ Spurður hvenær ákærði hafi komið heim hafi D svarað: „15-20 mínútum seinna. Mjög móður. Maður sá að eitthvað hafði gerst.“ D hafi verið spurður hvort ákærði hafi sagt hvað hann hafi gert. D hafi svarað: „Hann sagðist hafa rænt einhverja búð.“ D hafi verið spurður hvort ákærði hafi sýnt honum „afraksturinn“ og D hafi svarað: „Já, þetta voru smáaurar, við vorum búnir að halda honum uppi. Þetta var hans leið að kaupa í matinn.“ Þetta hafi verið fimmtán til tuttugu þúsund krónur eða svo. D hafi verið spurður hver ætti svartan Nike jakka með hettu sem lögregla hafi fundið og D hafi svarað að „Alex“ ætti hann. D hafi verið spurður hver ætti svarta Nike íþróttaskó sem lögregla hafi fundið og hafi D svarað að eftir því sem hann vissi ætti „Alex“ þá. D hafi verið spurður hvort ákærði hafi ógnað starfsmanni í [...] með vopni og D hafi svarað: „Það stóð í fréttinni. Hann sagði mér það ekki.“ D hafi verið spurður hver ætti hnífinn sem lögregla hafi fundið og hafi D svarað að C ætti hann. Spurður hver ætti kylfu og steypustyrktartein sem lögregla hafi fundið hafi D sagt að hann ætti það og notaði sér til varnar.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 19. 4. 2023. Samkvæmt samantekt lögreglu sagðist ákærði ekkert vita um rán í [...]. Hann hafi verið heima þann dag „með strákunum, C og D.“ Hann hafi verið klæddur hvítum bol og hvítum buxum og ekkert farið út um daginn. Spurður hver ætti svarta Nike skó sem lögregla hafi fundið á heimilinu hafi ákærði sagt að hann ætti þá. Spurður hver hafi verið í þeim hinn 17. 4. hafi hann svarað að enginn annar ætti að nota þá. Spurður hver ætti svartan Nike jakka með hettu sem lögregla hafi fundið á heimilinu hafi ákærði svarað að hann ætti hann ekki. Borið hafi verið undir ákærða að hann að þeir C og D hafi sagt hann eiga jakkann hafi ákærði svarað: „Þetta var peysan mín en ég var búinn að selja C hann. Ég man ekki hvað ég seldi hann á.“ Spurður hver ætti 66°N úlpu með loðhettu sem lögregla hafi fundið á heimilinu hafi ákærði sagt að hann ætti hana. Aðspurður hafi hann sagt að hann héldi að enginn annar notaði hana. Spurður hver ætti svört sólgleraugu sem lögregla hafi fundið hafi ákærði sagt að hann ætti þau ekki. Ákærði hafi verið spurður hvort hann hafi séð einhvern fara úr íbúðinni í þessum fötum og hafi hann neitað því.

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði sagðist neita sök, hann hefði ekki verið að verki. Ákærði sagði að á þessum tíma hefði hann búið hjá vini sínum í [...] með þeim búið „annar strákur“. Þetta hefðu verið C og D. Þeir hefðu allir neytt fíkniefna. Lögreglan hefði komið á heimilið og handtekið ákærða.

Myndbandsupptaka af atvikinu var borin undir ákærða. Hann sagðist ekki vera á henni og ekki hafa átt úlpu eins og ætlaður ránsmaður hefði þar verið í. Borið var undir ákærða að lögregla hefði fundið sambærilega úlpu á heimilinu. Ákærði sagði að svo langt væri um liðið að hann myndi ekki eftir því. Borið var undir ákærða að peysa og svartir skór sem lögregla teldi sambærilega við fatnað sem sæist á upptökunni, hefði einnig verið á heimilinu. Ákærði sagðist ekki vita um það.

Borið var undir ákærða að lögregla hefði fundið á heimili þeirra hníf, sambærilegan við þann sem sæist á upptökunni. Ákærði sagðist ekki kannast við hann.

Borið var undir ákærða að D hefði í skýrslu borið að ákærði hefði farið í þessum fötum og grímubúinn af heimilinu og að ákærði hefði komið til baka, fimmtán til tuttugu mínútum síðar og sagt að hann hefði rænt búð. Ákærði sagði að það væri rangt.

Borið var undir ákærða að C hefði í skýrslu sagt að ákærði ætti skóna, peysuna og úlpuna sem lögregla hefði fundið. Ákærðist ekki vilja segja neitt um það.

Spurður hvers vegna D og C hefðu átt að segja ósatt um þetta svaraði ákærði að D hefði alltaf verið að „reyna að ná einhverjum peningum“ af ákærða. Þeir hefðu búið saman þrír og ákærði hefði í raun verið skotmark hinna tveggja.

Ákærði sagðist aðspurður aldrei hafa sagt við [...] E, að hann hefði framið rán. Hann hefði sagt henni að hann hefði verið handtekinn vegna slíks. Borið var undir ákærða að E hefði sagt við lögreglu að ákærði hefði sagt að hann hefði rænt búð og var hann spurður hvers vegna hún hefði átt að segja rangt frá. Ákærði sagði að hún hefði misskilið, hann hefði ekki sagt þetta heldur sagt að hann hefði verið handtekinn.

Vitnið A sagðist hafa verið við störf ásamt samstarfskonu. Vitnið hefði farið fram og séð „að einhver kemur inn, svartklæddur“ og hefði vitnið fyrst haldið að þetta væri „einhver sem hefði verið á mótörhjól“ þar sem slíkir viðskiptavinir hefðu verið algengir „og þeir voru oftast svona klæddir“. Vitnið hefði heilsað manningum en hann hefði sagt: „Gefðu mér alla peningana í kassanum“. Vitnið hefði fyrst farið að hlæja „og svo tekur hann upp hníf og heldur á honum svona í höndunum“. Vitnið hefði orðið hrætt og frosið.

Á staðnum hefði verið „gamalt kassakerfi, þar sem var takki ofan á, þar sem var hægt að opna peningaskúffuna bara mjög einfaldlega, þurfti engan kóða eða neitt þannig, hann gerði það bara sjálfur og byrjaði að taka peninginn úr kassanum. Mér bregður svo mikið að ég fer og ýti á skúffuna og ætla að fara að loka henni, átta mig svo á því það sé örugglega ekki sniðugt að gera og ég hleyp bara á bak við og leggst á gólfið og fer að hágráta. Og þá sá ég að sú sem var á vakt með mér var í símanum við lögguna.“ Vitnið sagði að sér hefði liðið „hræðilega“ og það verið „í mjög miklu áfalli.“ Næstu vikur hefði vitnið vart farið úr húsi. Vitnið sagði að yfirmenn sínir hefðu útvegað sér áfallahjálp. Vitnið sagðist eiga enn erfitt með að rifja atvikið upp.

Vitnið B sagðist hafa komið á vettvang fljótlega eftir atvikið. Þar hefði dóttir vitnisins, A, verið í mjög miklu uppnámi. Margir hefðu verið á staðnum. Fyrst eftir atvikið hefði það haft mikil áhrif á A, henni hefði liðið illa og átt erfitt með að vera ein og að sofa. Hún hefði verið „hrædd um að mæta þessum aðila í hverfinu“. Málið hefði valdið henni kvíða í störfum.

Vitnið F sagðist hafa verið á ferð með dóttur sinni og þær farið [...]. Enginn hefði hins vegar komið til að afgreiða þær og hefðu þær því hringt bjöllu. Enginn hefði þó komið. Stuttu síðar hefði maður komið að, „fyrir hornið“, og vitnið hefði þá í huganum fagnað því að bifreiðin væri læst. Vitnið sagðist ekki vita hvers vegna, en þetta hefði verið „óhuggulegt, af því að sást ekkert í andlitið á honum og ekki neitt, hann var alveg hulinn einhvern veginn“. Eftir því sem vitnið myndi hefði maðurinn farið „einhvers staðar í átt að [...]“. Maðurinn hefði verið hávaxinn og grannur.

Vitnið G kvaðst hafa verið [...] með móður sinni og þær hefðu þurft að bíða þar lengi. Hefðu þær þá séð mann „labba rösklega fram hjá bílnum okkar [...] og mér fannst hann svo asnalegur með skíðagrímu“. Maðurinn hefði farið „annað hvort bak við eða niður götuna“. Vitnið hefði ekki velt honum frekar fyrir sér. Vitnið hefði eftir þetta farið inn og séð þá A „mjög skelkaða“ og titrandi. Eftir þetta hefði lögregla komið á vettvang.

Vitnið sagði að sig minnti að maðurinn hefði verið hávaxinn og grannur en sagðist lítið hafa velt honum fyrir sér.

Vitnið H kvaðst hafa verið eigandi [...] á þessum tíma. Vitnið hefði ekki verið á vettvangi þegar atvikið hefði orðið. Starfsmaður hefði hringt í vitnið og sagt því af atvikinu. Vitnið hefði farið þangað og komið um svipað leyti og lögregla. Starfsmenn hefðu verið í uppnámi.

Vitnið sagðist ekki vita nákvæmlega hversu mikið fé hefði verið í kassanum. Í upphafi dags hefðu 25.000 til 30.000 krónur verið í kassanum og atvikið hefði verið um miðjan dag. Vitnið sagðist ekki vita hve mikil sala hefði verið þennan dag. Mjög misjafnt væri hversu hvort viðskiptavinir greiddu með korti eða peningum. Suma daga hefðu verið um hundrað þúsund krónur í seðlum í kassanum, stundum ekkert umfram það sem verið hefði um morguninn.

Vitnið D sagðist hafa búið „heima hjá C“ í [...] þegar atvikið hefði orðið. Á þeim tíma hefði maður að nafni Alexander einnig dvalið þar. Vitnið sagðist ekki vita hver hefði verið að verki í því máli sem hér er til meðferðar. Langt væri um liðið og vitnið myndi það ekki. Spurt hvort það hefði munað betur eftir málavöxtum þegar það hefði gefið skýrslu hjá lögreglu svaraði það: „já, eflaust, ég veit það ekki“. Borið var undir vitnið það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, þess efnis að ákærði hafi farið út í 66°N úlpu, með sólgleraugu og grímu og að vitnið viti ekki hvort hann hafi verið vopnaður, en ákærði hafi verið einn. Spurt hvort vitnið hefði sagt þetta við lögreglu svaraði það: „Það getur verið, ég man það bara ekki“, langt væri um liðið. Borið var undir vitnið að í lögregluskýrslu segði að vitnið hefði verið spurt hvað ákærði hefði ætlað að fara að gera og að vitnið hafi svarað að ákærði hafi ætlað „að ræna eitthvað“. Vitnið sagðist ekki muna eftir þessu, svo langt væri um liðið. Vitnið sagðist ekki muna eftir skýrslutökunni. Spurt hvort það teldi sig hafa sagt satt og rétt frá svaraði það: „Já eflaust, ég veit það ekki.“

Vitnið sagðist aðspurt vera [...] cm á hæð.

Vitnið C sagðist hafa á þeim tíma sem málið varðar búið í [...] með Alexander og D. Alexander hefði vantað húsnæði og vitnið hefði skotið yfir hann skjólshúsi og gefið honum að borða. Vitnið hefði hjálpað honum tvisvar eða þrisvar. Þeir hefðu áður verið vinir en á þessum tíma hefðu þeir báðir neytt fíkniefna. Vitnið sagðist telja að Alexander og D hefðu fremur verið félagar en vinir, en tók fram að það vissi „ekkert hvernig þeirra tenging er“.

Vitnið sagðist ekki vita hver hefði verið að verki í því máli sem hér er til meðferðar en sagðist muna að lögreglan hefði komið til þeirra, handtekið alla þrjá en vitninu hefði fljótlega verið sleppt.

Borið var undir vitnið að lögregla hefði fundið svarta skó á heimilinu. Vitnið sagðist hafa farið „í einhverja skó“ þegar lögregla hefði verið komin. Alexander hefði átt skóna. Borið var undir vitnið að lögregla hefði haldlagt 66°N úlpu á heimilinu, vitnið sagðist ekki hafa átt þá úlpu.

Borið var undir vitnið sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, þess efnis að Alexander hefði átt skóna sem lögregla hefði fundið á vettvangi. Vitnið sagðist hafa sagt þetta. Vitnið var spurt um það sem eftir því er haft í lögregluskýrslu, þess efnis að Alexander hafi átt hettupeysu sem lögregla hafi fundið. Vitnið sagðist ekki muna eftir þessu. Borið var undir vitnið að það hefði í lögregluskýrslu sagt að Alexander ætti svarta 66°N úlpu sem lögregla hefði sýnt vitninu mynd af. Vitnið sagðist ekki muna eftir þessu. Borið var undir vitnið að lögregla hefði fundið hníf í eldhúsi á heimilinu. Vitnið sagði að ef lögreglan hefði fundið hann í eldhúsi vitnisins „þá er þetta örugglega minn hnífur“. Vitnið sagði að þeir hefðu allir þrír haft aðgang að því sem væri í eldhúsinu.

Vitnið var spurt hvort það hefði munað betur þegar það hefði gefið skýrslu hjá lögreglu. Vitnið sagði svo vera. Vitnið sagðist hafa sagt satt og rétt frá hjá lögreglu.

Borið var undir vitnið að eftir D væri haft í lögregluskýrslu að ákærði Alexander hefði farið út í 66°N úlpu með sólgleraugu og grímu og komið aftur fimmtán til tuttugu mínútum síðar og þá sagt að hann hefði rænt búð. Vitnið sagðist ekki muna eftir þessu en tók fram að það hefði ekki verið „í góðu ástandi“.

Vitnið sagðist aðspurt vera um [...] cm á hæð og nota skó í stærð [...].

Vitnið lögregluþjónn 1 [...] staðfesti skýrslur sínar.

E [...] skoraðist undan skýrslugjöf.

Vitnið lögregluþjónn 2 [...] staðfesti skýrslu sína.

Vitnið lögregluþjónn 3 [...] sagðist hafa farið á vettvang ásamt lögregluþjónni 2 en lögregla hefði ekki orðið vör við þann sem verið hefði að verki. Vitnið hefði skoðað upptökur úr öryggismyndavélum veitingahússins og í framhaldinu hefði lögregla farið á

nokkura staði „að leita að einhverjum aðila“. Vitnið sagði að vitnið A hefði verið „í mjög miklu uppnámi“ ef vitnið myndi rétt og hefði verið „varla viðræðuhæf“.

Niðurstaða

Með hliðsjón af skýrslu A og upptöku úr öryggismyndavél [...] verður lagt til grundvallar að á þeim tíma sem í ákæru greinir hafi einstaklingur komið inn á veitingahúsið, verið með andlit hulið, tekið upp hníf og handleikið hann og í framhaldi af því tekið peninga úr afgreiðslukassa eftir að starfsmaður hafi forðað sér. Þykir verða að leggja til grundvallar að sú atburðarás sem hér hefur verið lýst varði við 252. gr. laga nr. 19/1940, en miða verður við að starfsmaðurinn hafi vikið frá afgreiðslukassanum í framhaldi af því að grímubúinn vopnaður maður hafi gert kröfu um peninga. Telst vera um rán að ræða en ekki gripdeild.

Lögregla gerði leit á heimili þar sem þrír menn héldu til á þessum tíma og fann þar fatnað, sem virðist koma heim og saman við fatnað sem sá maður klæddist sem kom inn á [...]. Einnig lagði lögregla hald á hníf sem virðist koma heim og saman við þann er maðurinn var með, en hnífurinn verður að teljast nokkuð sérstakur í útliti. Þegar horft er á fatnaðinn og hnífinn sem lagt var hald á þykir verða að miða við að um sé að ræða fatnað og hníf sem notaður var við ránið.

Á heimilinu héldu á þessum tíma til þrír menn. Húsráðandi var C en með honum voru ákærði og D. Við skýrslutöku hjá lögreglu sögðu þeir C og D að ákærði ætti svarta skó, jakka með hettu og svarta úlpu með loðkraga sem lögregla hefði fundið. Við skýrslugjöf sagðist ákærði eiga skóna og úlpuna en ekki jakkann með hettunni, en bætti við að hann hefði áður átt jakkann en hefði verið búinn að selja C hann. Fyrir dómi var ákærði spurður um úlpuna og svaraði að hann hefði ekki átt úlpu eins og ætlaður ránsmaður hefði verið í. Borið var undir hann að lögregla hefði fundið sambærilega úlpu á heimilinu og svaraði ákærði þá að svo langt væri um liðið að hann myndi það ekki. Einnig var borið undir hann að lögregla hefði fundið peysu og svarta skó, sem hún teldi sambærilega við þá sem notuð hefðu verið í ráninu, og sagðist ákærði ekki vilja segja neitt um það. Fyrir dómi sagðist D ekki muna hvað hann hefði sagt í skýrslutökunni þar sem svo langt væri um liðið. Hann sagðist aðspurður „eflaust“ hafa munað betur eftir atvikum þá og hafa „eflaust“ sagt satt og rétt frá, en bætti við „ég veit það ekki“. C sagðist fyrir dómi hafa sagt hjá lögreglu að ákærði ætti skóna en kvaðst ekki muna eftir að hafa talað um að hann ætti úlpuna og jakkann með hettunni. Hann sagðist hafa munað betur í

skýrslutökunni og hafa sagt satt og rétt frá þar. Í skýrslutöku hjá lögreglu er haft eftir D að ákærðu hafi farið út í 66°N úlpu með sólgleraugu og grímu og hafi sagt að hann ætlaði að ræna eitthvað. Fyrir dómi sagðist D ekki muna eftir skýrslutökunni. Við mat á framburði þeirra hjá lögreglu verður að hafa í huga að allir þrír voru yfirheyrðir sem sakborningar. Þegar á allt framanritað er horft, og þá sérstaklega að ákærði sagðist hjá lögreglu eiga skóna og úlpuna og sagðist hafa átt jakkann en selt C hann, en enginn annar hefur borið um slík viðskipti og töluverður hæðarmunur er á þeim ákærða og C sem hjá lögreglu sagðist ekki passa í föt ákærða, þykir verða að miða við að ákærði hafi á umræddum tíma átt þann fatnað sem lýst hefur verið. Í skýrslutöku hjá lögreglu sagði ákærði að hann hefði ekki séð neinn annan fara út í þessum fötum á þeim degi sem málið varðar.

Telja verður ljóst að hnífur sá sem notaður hafi verið sé sambærilegur þeim sem fannst í eldhúsi á heimili manna þriggja. Hnífurinn er sérstakur útlits. Telja verður að þeir hafi allir haft aðgang að honum.

[E] gaf skýrslu hjá lögreglu og sagði þar að ákærði hefði sagt sér að hann hefði rænt búð í [...]. Fyrir dómi neitaði ákærði þessu og sagðist hafa sagt henni að hann hefði verið handtekinn vegna slíks. [E] skoraðist undan skýrslugjöf fyrir dómi. Meginregla er að dómur skuli reistur á gögnum sem færð séu fram fyrir dómi en þó er unnt að líta til skýrslna sem vitni hafa gefið hjá lögreglu. Má hér líta til dóms Hæstaréttar Íslands í máli nr. 40/2006. Við mat á skýrslu [E] hjá lögreglu verður að hafa í huga að þar sem hún gaf ekki skýrslu fyrir dómi gafst verjanda ekki færi á að leggja fyrir hana spurningar. Það sem eftir vitninu er haft hjá lögreglu hefur ekki sömu þýðingu og slíkur framburður þess fyrir dómi hefði haft, en þykir styðja ákærana svo langt sem það nær.

Vitnið A sagði hjá lögreglu að sá sem inn hefði komið á veitingahúsið hefði verið rúmlega 185 cm á hæð. Vitnið F kvaðst hafa séð mann, hávaxinn og grannan, við vettvang og „sást ekkert í andlitið á honum“. Vitnið F sagðist hafa séð mann ganga rösklega fram hjá vitninu við [...] og hefði maðurinn verið með „skíðagrímu“. Eftir því sem vitnið myndi hefði hann verið hávaxinn og grannur. Upptaka af atvikinu er því til stuðnings að maðurinn hafi verið hávaxinn og líklega fremur grannur. Ákærði kom fyrir dóminn og er hávaxinn og grannvaxinn. Fyrir dómi sagðist D vera [...] cm á hæð en C sagðist vera um [...] cm á hæð. Verður miðað við að hæð hvors um sig sé nálægt því sem þeir báru. Telst D þannig vera hávaxinn en C ekki.

Þegar horft er á allt framanritað og þá einkum að telja verður að þau fót sem gerandi málsins hafi verið í á verknaðarstundu hafi verið í eigu ákærða og ekkert hefur komið fram um að annar maður hafi farið út í þeim fötum á þeim degi hafi umtalsverðar stoðir verðir færðar undir ákærana. Það sem eftir [E] er haft hjá lögreglu er ákæru til styrktar svo langt sem það nær. Líkamsbygging ákærða virðist geta komið vel heim og saman við þess einstaklings sem vinnur verkið. Þegar á allt framanritað er horft þykir ákæruvaldið hafa fært lögfulla sönnun fyrir sök ákærða samkvæmt ákærinni og varðar háttsemin við 252. gr. laga nr. 19/1940 og 1. mgr. 30. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 16/1998. Í ljósi framburðar H, þáverandi eiganda [...] fyrir dómi, þykir þó verða að miða við að fjárhæð sem um ræðir hafi numið 25.000 krónum. Af sakavottorði ákærða skal þess getið að hann var í febrúar 2024 dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir akstur sviptur ökurétti. Það brot sem hann er nú sakfelldur fyrir er framið fyrir uppkvaðningu þess dóms og verður refsing ákærða nú ákveðin sem hegningarauki. Langt er liðið frá atvikinu en ákæra er gefin út meira en tveimur árum eftir atvikið. Fram kom af hálfu ákærða fyrir dómi að hann reyndi nú að láta af fíkniefnanotkun og ætti bókað pláss í meðferð. Þegar á allt er horft ákveðst refsing ákærða fangelsi í sjö mánuði en fullnustu hennar verður frestað og falli hún niður að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð. Þegar ákærði framdi brotið var við störf á [...] A, þá [...] ára gömul. Af framburði hennar og vitna, sérstaklega lögregluþjóns 3 sem sagði hana hafa vart verið viðræðuhæfa og upptöku úr búkmyndavél lögreglu er ljóst að málið fékk mjög á hana í upphafi. Fyrir liggur bótakrafa A og verður ákærða gert að greiða henni 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum svo sem í dómsorði greinir en bótakrafa mun hafa verið birt 8. apríl 2025. Ákærða verður gert að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns, 883.500 krónur með virðisaukaskatti, og þóknun Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, réttargæzlumanns brotapolu, 600.780 krónur með virðisaukaskatti og 24.192 króna aksturskostnað lögmannsins. Annar sakarkostnaður féll ekki til. Gætt var 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008. Af hálfu ákæruvaldsins fór Ásmundur Jónsson aðstoðarsaksóknari með málið.

Dómsorð:

Ákærði, Alexander Guðjónsson, sæti fangelsi í sjö mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og niður falli hún að liðnum tveimur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 500.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. apríl 2023 til 8. maí 2025, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 883.500 króna málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Snorra Sturlusonar lögmanns. Ákærði greiði 600.780 króna þóknun og 24.192 króna aksturskostnað Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, réttargæzlumans brotáþola.

Þorsteinn Davíðsson